

Fundargerð 276. stjórnarfundar Stjórnvísí

Dags.fundar: 11.okt. 2018	Tími: 11:45-13:00	Nr. fundar: 276
Fundarboðari: ÞMÓ	Fundarritari: GA	Staður: Grand Hótel

Dagskrá:

- Rýni á Haustráðstefnu Stjórnvísí 2018 – hvað var vel gert og hvað má betur fara.
- Trello: Staða verkefna (tímalínuverkefna, áhersluverkefna og annarra verkefna)
- Fundur með fagráði
- Fréttir af faghópum
- Fjárhagsstaða Stjórnvísí.
- Önnur mál

Viðstaddir: Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, Berglind Björk Hreinsdóttir, Gunnhildur Arnardóttir, Jón Gunnar Borgþórsson, Sigríður Harðardóttir, Guðjón Örn Helgason, Jón S. Þórðarson og Þórunn María Óðinsdóttir.

Fjarverandi: Kristján Geir Gunnarsson og Gyða Björnsdóttir.

Samantekt og niðurstaða fundar

- **Rýni á Haustráðstefnu Stjórnvísí 2018:** Haustráðstefna Stjórnvísí var haldin í dag og var metþátttaka á ráðstefnunni en yfir 300 manns voru bókaðir. Utanumhald var til mikillar fyrirmyndar sem og ráðstefnustjóri og fyrirlesarar. Rýni á ráðstefnunni var sett í Trello-borð félagsins og nýttist rýnin fyrir næstu haustráðstefnu félagsins.
- **Trello:** Farið yfir stöðu verkefna. Helstu verkefni í vinnslu eru:
 - Íslenska ánægjuvogin – verður afhent 25.janúar 2019 á Grand Hótel.
 - Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí 2019 – verða haldin í feb/mars 2019 á Grand Hótel, beðið eftir endanlegri staðfestingu á dagsetningu.
 - Áhersluverkefni
- **Fundur með fagráði.** Fundað verður með fagráði félagsins þann 23.október nk. Fagráð félagsins skipa eftirtalin:
 - Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitunnar (2018-2020)
 - Hafsteinn Bragason, framkvæmdastjóri mannauðssviðs Íslandsbanka (2017-2019)
 - Jóhanna Þ. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri aðfangakeðju Innnes (2018-2020)
 - Katrín Olga Jóhannesdóttir, formaður Viðskiptaráðs (2018-2020)
 - Sigurjón Þórðarson, framkvæmdastjóri Nolta (2017-2019)
- **Fréttir af faghópum.** Faghópastarf fer vel af stað. Á þessu ári eru virkir faghópar 19 og hafa 17 þeirra þegar bókað fundi. Í ágúst var haldinn 1 fundur, í september 7 fundir og fjöldi funda hefur strax verið bókaður í október og nóvember. Viðburðir hafa verið vel sóttir.
- **Fjárhagsstaða Stjórnvísí.** Staða félagsins er í samræmi við endurskoðaða áætlun.
- **Önnur mál**
Önnur mál rædd lítillga